



Samstarfssamningur vinnustaða og WOW Tour of Reykjavík

WOW Tour of Reykjavík er hjólréiðakeppni þar sem keppendur geta valið um fjórar vegalengdir, allt frá 2 km léttum fjölskylduhring til tveggja daga 175km keppni. Með samstarfssamningnum viljum við hvetja fyrirtæki til að styðja starfsmenn sína til þátttöku í keppninni. Í skiptum fyrir stuðning fyrirtækja við þátttöku sinna starfsmanna fá þau leyfi til að hengja borða eða auglýsingaspjöld á stálgrindur í keppnisbrautinni, nafn fyrirtækis/stofnunar á vef viðburðarins, velvilja starfsmanna og tækifæri til að búa til skemmtilegan og heilsueflandi fjölskylduviðburð á meðal starfsmanna.

Tækifæri fyrirtækja

- Búa til stemmningu í kringum „sínar“ stálgrindur – safna saman starfsmönnum og fjölskyldum, hvetja þátttakendur og búa til fjör í brautinni.
- Úrræði til heilsueflingar á vinnustað – hvetur starfsmenn til að taka þátt.
- Skemmtilegur árlegur viðburður sem getur smám saman orðið að viðburði innan fyrirtækis þar sem starfsmenn keppa í merktum búningum og vekja athygli á sínum vinnustað.
- Styðja og taka þátt í uppbyggingu spennandi og vaxandi almenningsíþróttaviðburðar.



SAMSTARFSSAMNINGUR VINNUSTAÐA OG WOW TOUR OF REYKJAVÍK

Framlag vinnuveitanda

Þeir vinnustaðir sem samþykkja þátttöku skrifa undir samninginn og senda undirritað eintak til ÍBR og skrá þar með sitt fyrirtæki til leiks. Með undirskrift skuldbindur fyrirtæki sig til að niðurgreiða þátttökugjöld sinna starfsmanna í Tour of Reykjavík 2018. Heildarþátttökugjald starfsmanna samstarfsfyrirtækja verður 20% afsláttargjald:

- 125+50 km: 12.000 kr/mann
- 125 km: 9.600 kr/mann
- 50 km: 6.400 kr/mann
- 2 km: 1.200 kr/mann

Fyrirtæki niðurgreiðir keppnisgjald hvers starfsmanns sem tekur þátt um 50% af afsláttargjaldinu og starfsmaður borgar sjálfur 50%:

- 125+50 km keppni: 6.000 kr
- 125 km keppni: 4.800 kr.
- 50 km keppni: 3.200 kr.
- Skemmtihringur: 600 kr per fjölskyldumeðlim

Ávinningur vinnustaða

ÍBR útbýr sérstakan afsláttarkóða sem starfsmenn fyrirtækisins nota þegar þeir skrá sig til leiks. Starfsmenn borga 50% af gjaldinu við skráningu, afgangurinn fer á reikning fyrirtækisins. ÍBR sendir einn reikning á hvert þátttökufyrirtæki að keppni lokinni fyrir hlut fyrirtækis í þátttökugjöldum sinna starfsmanna.

ÍBR tekur frá eina grind fyrir auglýsingaborða að hámarksstærð 2,6x0,85 fyrir þau fyrirtæki sem skila inn samningi. Fyrir hverja 10 starfsmenn fyrirtækis sem taka þátt á vegum fyrirtækis bætist við ein grind. ÍBR ákveður staðsetningu grindanna en gætir þess að grindur séu samliggjandi.

Dæmi um áætlaðan kostnað fyrirtækis:

- 12 starfsmenn taka þátt, 2 í samanlagðri keppni 125+50, 2 í 125km, 5 í 50km og 3 í fjölskyldukeppni (samals 12).
- Kostnaður fyrirtækis 39.400 kr.

Trúnaðar- og þagnarskylda

Aðilar eru sammála um að efni samnings þessa og allar upplýsingar sem aðilar fá um viðskipti og viðskiptavini hvors annars við framkvæmd samnings þessa skuli vera trúnaðarmál á milli aðila.

Breytingar og viðbætur við samning þennan

Hvers kyns breytingar eða viðbætur við samning þennan skulu gerðar skriflega og vera undirritaðar af báðum samningsaðilum.

Reykjavík (dagsetning)

F.h. fyrirtækis (kennitala)

F.h. ÍBR (670169-1709)